

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Gjafa- og minningarsjóð sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi (SHA).

#### 1. gr.

##### *Stofnaðild o.fl.*

Gjafa- og minningarsjóður sjúkrahússins og heilsugæslustöðvarinnar á Akranesi (SHA), í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, var stofnaður þann 1. september 2007 af framkvæmdastjórn SHA. Sjóðurinn starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun en hefur ekki með höndum atvinnurekstur í skilningi laga nr. 33/1999 og fellur starfsemi hans því ekki undir þau lög.

Heimili sjóðsins er að Merkigerði 9, 300 Akranesi. Sjóðurinn á varnarþing fyrir héraðsdómi Vesturlands í Borgarnesi.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið með stofnun sjóðsins er að ráðstafa gjafafé er sjóðnum berst, einkum með því að kaupa tæki og búnað sem nýtist stofnuninni á Akranesi með beinustum hætti, svo sem með kaupum á lækningatækjum, stoðtækjum og öðrum þeim búnaði í þágu sjúklinga sem stjórn sjóðsins kann að samþykkja.

#### 3. gr.

##### *Stjórn sjóðsins. Sjálfkrafa endurnýjun stjórnar. Endurskoðun reikninga.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skulu það vera þeir sem á hverjum tíma skipa stöðu forstjóra stofnunarinnar, framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum formanns, ritara og gjaldkera. Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmáður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal halda gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir sem teknar eru.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda sem stjórn sjóðsins velur til þess verks og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert, ásamt skýrslu stjórnar sjóðsins.

#### 4. gr.

##### *Stofnframlag. Eigið fé.*

Eigið fé sjóðsins við stofnun greinist í annars vegar stofnfé kr. 2.000.000 og hins vegar annað eigið fé kr. 16.883.070, samtals kr. 18.833.070. Eigið fé sjóðsins, þ.e. stofnfé og annað eigið fé, við stofnun er gjafafé sem velunnarar SHA hafa gefið og er nú af hálfu framkvæmdastjórnar SHA lagt í þennan sjóð.

## 5. gr.

*Frekari framlög.*

Sjóðurinn skal öllum opinn fyrir frekari fjárframlögum frá þeim er vilja veita markmiðum hans brautargengi, þ.m.t. minningakortasjóður. Stjórnin skal leitast við að verða við fyrirmælum gefanda um sérgreinda ráðstöfun gjafar hans enda sé það í samræmi við megin-tilgang sjóðsins.

## 6. gr.

*Ráðstöfun fjár.*

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt umsóknum. Stjórn sjóðsins er jafnframt heimilt að ráðstafa fé að eigin frumkvæði til málefna sem hafa vakið athygli hennar og teljast vera í þágu þess tilgangs og ákvæða sem getið er um í 2. gr. þessarar stofnskrár.

## 7. gr.

*Ávöxtun fjár.*

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram. Heimilt skal að ávaxta í áhættusömum eignum allt að 10% af eignum sjóðsins á hverjum tíma.

## 8. gr.

*Rekstur sjóðsins. Niðurfelling sjóðsins.*

Sjóðurinn skal starfræktur í samræmi við markmið sín þangað til stofnaðili ákveður að leggja hann niður. Skal þá þeim fjármunum sem til reiðu eru ráðstafað í samræmi við markmið sjóðsins.

## 9. gr.

*Breytingar.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt af framkvæmdastjórn SHA. Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á þeirri breytingu.

## 10. gr.

*Skráning sjóðsins.*

Skipulagsskrá þessi skal send sýslumanninum á Sauðárkróki til staðfestingar skv. 1. gr. reglugerðar nr. 1125/2006.

Skipulagsskrá þessi er þannig samþykkt af framkvæmdastjórn sjúkrahússins og heilsgæslustöðvarinnar á Akranesi á fundi hennar, dags. 8. nóvember 2007.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 18. desember 2007.*

**Ríkarður Másson.**

\_\_\_\_\_  
*Helgi M. Ólafsson.*